



Gátlisti um ráðningarferli

- Hefur mannaflagreining átt sér stað?
- Er starfslýsing til staðar?
- Hefur forstöðumaður (eða stjórnandi með umboð) samþykkt að ráða þurfi í starfið?
- Hver hefur umsjón með ráðningarferlinu?
- Hver tekur endanlega ákvörðun um ráðningu.
- Hver sér um auglýsingu? – Huga að tengingu við starfslýsingu og mat á umsækjendum.
- Hver fer yfir umsóknir og velur umsækjendur í viðtöl?
- Hver boðar umsækjendur í viðtöl?
- Hverjir (aðrir) taka þátt í ráðningarferlinu og hvert er þeirra hlutverk?
 - eru allir þátttakendur í ráðningarferlinu undirbúnir?
 - Vita þeir hvert þeirra hlutverk er?
 - Hafa þeir hlotið þjálfun (ef við á) til að taka viðtöl / meta hæfni o.þ.h.?
 - Hafa þeir allar upplýsingar (starfsferilsskrár, niðurstöður úr öðrum viðtölum, hæfnimati o.þ.h.) til að geta sinnt sínu hlutverki?
- Ætlar stofnun að sjá alfarið um ráðningarferlið eða úthýsa því að hluta til ráðningarskrifstofu?
 - Óheimilt er að úthýsa öllu ferlinu. Skilgreina verður hvað ráðningarstofan gerir og hvað stofnunin gerir.
- Þarf að skipa hæfnisnefnd?
- Hvaða hæfniskilyrði þurfa umsækjendur að uppfylla?
 - Hvaða þættir skipta máli? – Huga að tengingu við starfslýsingu og auglýsingu.
- Hvaða matstæki á að nota (viðtöl, próf, hæfnismat)?
- Hver sér um að hafna umsækjendum sem ekki hljóta ráðningu?
- Hver hefur samband við valinn umsækjanda og gerir starfstilboð?
- Hver útbýr ráðningarsamning?